Náttúrufræðistofnun

Hafnarfjarðarkaupstaður

Strandgötu 6

220 HAFNARFJÖRÐUR

Garðabær, 29. október 2026

Málsnúmer: 202609-0039

NA

Efni: Deiliskipulag Undirhlíðanámu í Hafnarfirði, tillaga

Vísað er til erindis Hafnafjarðarkaupsstaðar, sem barst Náttúrufræðistofnun 17. september 2026, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu að deiliskipulagi Undirhlíðarnámu.

Stofnunin veitti umsögn um vinnslutillögu skipulagsins og telur að í fyrirliggjandi tillögu hafi verið brugðist við ýmsum athugasemdum sem þar komu fram.

Jákvætt er að umfjöllun um náttúrufar, jarðminjar og vatnsvernd hefur verið aukin. Þá hefur verið bætt við skilmálum um grunnvatnsvöktun, mengunarvarnir og aðgerðir til að lágmarka áhrif á vatnsauðlindina.

Náttúrufræðistofnun bendir þó á að fyrirhuguð efnistaka mun óhjákvæmilega hafa varanleg áhrif á jarðmyndanir innan framkvæmdasvæðisins. Svæðið er hluti af jarðfræðilega verðmætu landslagi á Reykjanesskaga og þar er að finna jarðmyndanir sem hafa hátt vísinda- og fræðslugildi. Þótt umfang framkvæmdarinnar hafi verið minnkað og leitast við að draga úr áhrifum hennar verður rask á jarðminjum innan efnistökusvæðisins óafturkræft.

Náttúrufræðistofnun fagnar því að bætt hafi verið við ákvæðum um grunnvatnsmælingar og vöktun. Mikilvægt er að grunnástand vatnsauðlindarinnar sé skráð áður en vinnsla hefst og að vöktun haldi áfram á rekstrartíma. Þá telur stofnunin mikilvægt að ákvæði um vöktun séu þannig að unnt sé að grípa til frekari mótvægisaðgerða eða endurskoða framkvæmdina ef fram koma vísbendingar um áhrif á grunnvatn eða vatnsgæði.

Að lokum vill stofnunin leggja áherslu á mikilvægi þess að frágangur svæðisins að vinnslu lokinni taki mið af landslagsheild svæðisins og jarðfræðilegum sérkennum þess. Leitast ætti við að lágmarka sjónræn áhrif framkvæmdarinnar til lengri tíma og stuðla að því að svæðið falli sem best að aðliggjandi svæði.

Virðingarfyllst,

Nína Aradóttir

Nína Aradóttir

Jarðfræðingur

Smiðjuvöllum 28 | 300 Akranesi
natt.is | Sími 430 9000